

Ed.

144. Frumvarp til laga

[51. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. des.)

Samhljóða þskj. 54 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða. Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðist hálf réttargjöld.

22. gr. hljóðar svo:

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Afsagnargerðir, aðrar en víxilafsagnir, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir kr. 100.00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár — 150.00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga — 100.00
4. Dráttur í happdrætti — 400.00
5. Útdráttur skuldabréfa — 200.00
6. Staðfesting endurrita 10.00 kr. fyrir hverja síðu, þó eigi minna gjald en — 30.00

37. gr. hljóðar svo:

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu kr. 15.00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 30.00 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrar-gjald, 4.00 kr. af hverri síðu.

43. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966. Jafnframt eru úr gildi numin þessi laga-ákvæði:

Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 40/1954.

Lög nr. 23/1964.

Lög nr. 4/1960 21. gr.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtalinna laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:

Lög nr. 52/1925, 13. gr.

Lög nr. 18/1927, 26. gr.

Lög nr. 12/1923, 7. gr.

Lög nr. 66/1946, 50. gr.

Lög nr. 77/1921, 60. gr.

Lög nr. 46/1937, 44. gr.

Lög nr. 42/1903, 36. gr.

Lög nr. 43/1903, 3. gr.

Lög nr. 33/1951, 13. gr.

Lög nr. 39/1921, 25. gr.

Lög nr. 89/1953, 4. gr.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.